

Spurt og svarað – stækkun gjaldsvæðis í ágúst 2024

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Þjónustuver
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

411 1111

Af hverju er gjaldskyldusvæðið stækkað?	Gjaldskylda er sett á til að stýra nýtingu bílastæða. Ef bílastæði eru vel nýtt verða um leið til laus stæði fyrir þá sem á þeim þurfa að halda. Þannig er reynt að tryggja aðgengi íbúa og þeirra sem sækja þjónustu á svæðinu að lausum bílastæðum. Niðurstöður talninga sýna mikla og stöðuga nýtingu bílastæða á jöðrum núverandi gjaldsvæða, sem gefa tilefni til að stækka gjaldsvæði á tilgreindum stöðum í samræmi við verklagsreglur.
Hvaða ný svæði verða gjaldskyld?	Samþykkt var gjaldskylda á eftirfarandi svæðum. Þetta tekur gildi í ágúst 2024 þegar undirbúningi lýkur. Gjaldsvæði 1 a. Sturlugata Gjaldsvæði 2 a. Aragata b. Egilsgata, bílaplan við Hallgrímskirkju c. Eiríksgata, bílaplan við Hallgrímskirkju d. Oddagata e. Seljavegur f. Sæmundargata g. Vesturgata milli Ánanausta og Stýrimannastígs Sjá kort af íbúakortasvæði á www.reykjavik.is/bilastaedi/ibuakort . Reglur um íbúakort er að finna á sama stað.
Hvenær tekur breyting gildi?	Stefnt er að því að gjaldskyldan byrji í ágúst en þegar endanleg dagsetning liggur fyrir verður sendur annar póstur á íbúa. Ekki er æskilegt að sækja um íbúakort fyrr en sá póstur berst.
Get ég sótt um íbúakort?	Íbúar með lögheimili við götu þar sem bílastæði eru gjaldskyld eða á skilgreindu íbúakortasvæði og eru ekki með bílastæði á lóð sinni eiga þess kost að sækja um bílastæðakort íbúa. Þau veita heimild til að leggja einni bifreið án endurgjalds í gjaldmæla í gjaldskyld bílastæði innan þess svæðis sem íbúakortið tekur til.
Það er ekki gjaldskylda í minni götu en erfitt að fá stæði. Get ég fengið íbúakort?	Íbúakortasvæði eru almennt stærri en gjaldskyld svæði – íbúar í nálægum götum við gjaldskyldu geta átt kost á íbúakorti í ákveðnum tilvikum. Þú getur séð hvort þú átt rétt á íbúakorti með því að kíkja á kort á vef: www.reykjavik.is/bilastadasjodur/ibuakort . Þegar gjaldskylda kemur á svæði flytjast lagningar oft (tímabundið) yfir á gjaldfrjáls svæði, t.d. yfir næstu vegamót, og því geta íbúar í þeim götum átt rétt á íbúakorti þar sem (tímabundið) verður

	hugsanlega erfiðara fyrir þá að fá stæði í þeirri götu og geta því lagt í gjaldskyldum götum.
Hvernig veit ég hvar íbúakortið mitt virkar?	Þú getur séð hvar kortið virkar í kortasjá á reykjavik.is/bilastaedi og í Borgarvefsjá
Hvernig fæ ég íbúakort?	Sótt er um á reykjavik.is/bilastaedi/ibuakort
Ég er með tvo bíla hvaða möguleikar eru til að leggja bíl númer 2?	Íbúakort veita einungs leyfi til að leggja einum bíl. Fyrir aukabíl þarf að greiða samkvæmt gjaldskrá eða finna stæði þar sem ekki er gjaldskylda.
Af hverju er gjaldsvæði 2 en ekki 3 eða 4?	Framkvæmdar eru talningar á götum í nágrenni miðborgarinnar og ef nýting er yfir æskilegum mörkum sem er 60-85% er forsenda fyrir gjaldskyldu. Metið er eftir atvikum s.s. nálægð við þjónustukjarna o.fl. hvaða gjaldsvæði er ákveðið. Talningar eru endurskoðaðar reglulega og gjaldsvæði breytt ef tilefni er til. Sjá kort af íbúakortasvæði á www.reykjavik.is/bilastaedasjodur/ibuakort . Reglur um íbúakort er að finna á sama stað.
Hvað tekur langan tíma að fá íbúakort?	Afgreiðsla íbúakorta er almennt 10 virkir dagar eftir að öll gögn liggja fyrir. Skila þarf samþykki íbúðareigenda, ekki bílastæði eða bílskúr á lóðinni, lögheimili, skuldlaus við bílastæðasjóð.
Get ég keypt áskrift í bílastæðahús?	Já, hægt er að kaupa áskrift ef það er laust. Upplýsingar um biðlista er á reykjavik.is/bilastaedi
Eru einhverjar áskriftarleiðir í boði fyrir íbúa sem eiga fleiri en einn bíl?	Nei, ekki sem stendur.
Má ég leggja rafbíl í rafhleðslustæði þó ég þurfi ekki að hlaða?	Nei. Rafhleðslustæði eru ekki eiginleg bílastæði heldur eru þetta <i>hleðslustæði fyrir rafmagnsbíla og eingöngu</i> ætlað til hleðslu, þ.e. eingöngu er heimilt að leggja í þessum stæðum á meðan hleðsla fer fram. Þegar slík stæði eru á gjaldskyldu svæði þarf ekki að greiða bæði fyrir stæðið og rafhleðsluna heldur bara fyrir hleðslu.
Hleðslustaur í rafhleðslustæði er bilaður má ég þá leggja?	Nei. Bilaður hleðslustaur gefur ekki sjálfkrafa leyfi til að leggja í stæðið. Þetta er ekki eiginlegt bílastæði.
Hvernig veit ég um sekt þar sem ég fæ ekki sektarmiða?	Álagningin kemur á island.is og í heimabanka eiganda/umráðamanns. Notendur geta skráð netfang/símanúmer til að fá hnipp frá island.is. Það borgar sig því að vera með stillingarnar hjá island.is þannig að þú fái skilaboð um nýjar tilkynningar. Þá er einnig hægt að veita öðrum umboð þar til að fá þessar upplýsingar. Þú ferð inn á island.is undir stillingar til að fá hnipp í tölvupósti eða sms eða á island.is. Hægt er að veita umboð í með því að fara á vefsíðu island.is og biða um að veita umboð.
Hvað um eldri borgara sem fá sekt og vita ekki að þeir hafi fengið sekt því þeir eru ekki á island.is?	Stöðugjöld birtast á island.is og í heimabanka. Mælt er með að skoða stillingarnar hjá island.is þannig að skilaboð berist um nýjar tilkynningar. Þá er einnig hægt að veita öðrum umboð þar til að fá þessar upplýsingar – það getur hentað fyrir eldri borgara.